

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Páll Þorsteinsson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema þau sérréttindi, sem nokkrir viðskiptamenn áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins njóta nú, að fá þar keypt vínföng og tóbak fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þær vörur.

Greinargerð.

Tillögur um afnám sérréttinda í áfengiskaupum hafa verið bornar fram á tveim síðustu þingum, en í bæði skiptin hefur það mál hrakizt lengi í þinginu og eigi komið til úrslita við atkvæðagreiðslu. Þykir rétt, að enn sé reynt að fá úrskurð Alþingis um það, hvort fáeinir menn, sem nú geta fengið keypt vínföng hjá áfengisverzlun ríkisins fyrir miklu lægra verð en aðrir þurfa að borga, eigi að njóta þeirra sérréttinda framvegis.

Flm. hafa fengið vitneskju um það, að svipuð hlunnindi séu veitt einstökum mönnum í viðskiptum við tóbakseinkasölu ríkisins. Er hér lagt til, að sú viðskiptavenja verði einnig afnumin við þá stofnun.